

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 1. áfanga, fyrir Bergsskarð 1-3, Apalskarð 2-4 og Apalskarð 6-8.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. september 2025 breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 1. áfanga, fyrir Bergsskarð 1-3, Apalskarð 2-4 og Apalskarð 6-8. Lýsing á breytingum: breytt staðsetning á innkeyrslu að bílastæði og einnig að bílakjallara við Bergsskarð 1, breytt staðsetning á innkeyrslu í bílakjallara við Apalskarð 2-4 og Apalskarð 6-8.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Suðurrhafnar fyrir Óseyrarbraut 27B.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. september 2025 breyting á deiliskipulagi Suðurrhafnar fyrir Óseyrarbraut 27B. Breytingin felur í sér að núverandi lóð Óseyrarbrautar 27B verður skipt í tvær lóðir, Óseyrarbraut 27B og 27C. Jafnframt verður nýtingarhlutfall lóða hækkað í $N = 0,5$.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 19. september 2025.

F.h. skipulagsfulltrúa,
Aleksandra Wegrzyniak þjónustufulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 3. október 2025